

Nd.

409. Nefndarátt

um frumv. til laga um friðun æðarfugla.

Nefnd sú, er neðri deild setti til athugunar frumvarpi þessu, hefir orðið sammála um að ráða deildinni til þess, að samþykkja það með nokkrum breytingum á orðalagi.

Fyrstu grein vill nefndin orða í samræmi við næstu greinar frumvarpsins: Láta hana byrja á banni æðarfugladráps og ákveða síðan sektirnar.

Orðalagið í 6. gr.: »má enginn . . . leggja hrognkelsanet eða nokkur önnur net nær friðlýstu varpi hans en svo, að $\frac{1}{4}$ km. sje þangað á báðar hliðar og á sjó út frá grunnra hálsi netanna að stórstraumsfjörumáli«, — þykir nefndinni nær óskiljanlegt og ræður til breytinga á því. — Þessi tilvitnuðu orð eru tekin úr 12. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, og eru ljeleg þýðing á frumtextanum danska, er hljóðar svo: » . . . maa ingen udlægge Garn for Steenbidere, eller til anden Fangst, inden en Afstand af 240 Favne fra et fredlyst Værpested, saavel til begge Sider som lige ud for samme, og derhos den sidste Afstand beregnet fra Ebbemaal i Springtid, indtil den Ende af Garnet, der staaar nærmest Land«.

Nefndin ber því fram svofeldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. 1. gr. orðist svo:

Enginn má drepa æðarfugl af ásettu ráði. Brot gegn því varðar 10 kr. sekt fyrir hvern fugl. Sektin tvöfaldist við hverja ítrekun brotsins alt að

400 kr. Sje fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð, þar sem brotið var framið.

2. 6. gr. orðist svo:

Frá 15. apríl til 15. júní má enginn, án leyfis varpeiganda, leggja hrognkelsanet eða nokkur önnur net nær friðlýstu varplandi hans en $\frac{1}{4}$ km. frá stórstraumsfjörumáli.

Neðri deild Alþingis, 14. ágúst 1913.

Sigurður Sigurðsson, Benedikt Sveinsson,
(formaður). (skrifari).

Þorleifur Jónsson. Matth. Ólafsson. G. Eggerz.